# Friðrik (?) Skúlason

Bjarni Benediktsson – Friðrik (?) Skúlason

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Hf.
J. Thulason

Reykjavík 13.9.39.
Fischersund 3.

Herra lagaprofessor Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.

Jeg sleppi öllu því sem á undan er gengið í brjefunum. Jeg bjargaði mjer sjálfur.

Þetta aðeins til að biðja yður að láta mig vita nær og hvar jeg gæti átt tal við yður í næði ca 10 mínútur.

Hefi því miður hvorki síma nje aðgang að síma og er oftast ekki heima, þessvegna bið jeg yður góðfúslega leggja miða í innlagt umslag. Fyrirgefið.

Virðingarfyllst
[illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

J. Skúlason

Skerjafirði 31. 7. 1939.
Skrúður Shellveg 4.

I

Herra lagaprófessor
Bjarni Benediktsson
Reykjavík.

Jeg tek það strax fram að jeg vona að Þjer fyrirgefið mjer þó þetta verði löng klausa, því jeg ætla mjer að sjá ytra kringum sladdrar mínar.

Hefi verið á Landakotsspítala frá 14 Apríl s.l. til 29 þ.m. á Bæjarinskostnað og var síðan vísað hingað. Jeg gjörði ekki ráð fyrir, að þessi sjúkdómur minn tæki svo langann tíma og var því búinn að fá mjer síldarvinnu á Siglufirði sem undanfarin sumur, ~~en það~~ og vonaði jeg þá að geta endurgreitt Bænum, en það fór á aðra leið. Mjer hefur að vísu mikið batnað en er þó í raun og veru fjandans ræfill.

Jeg áskotnaðist til að taka rúmar 20 tunnur af ýmsum síldarsortum á Siglufirði og byrjaði svo hjer í haust á að flekja hana, beinhreinsa og roðdraga og svo setti jeg hana í ýmiskonar legur.

Verte

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og seldi svo í Reykjavík í hús.

Þá er jeg tók þessa síld var mjer ekki kunnugt um að hvarssudi verksmiðjan, seldi nætt nema í smádósum. Jeg lagði mikið að mjer við þetta, en heilsan fór síversnandi. Mjer fanst jeg geta linað þessar taugaslingsköstur með snaps við og við og neitaði þá atferðina, því jeg var einráðinn í að gefast ekki upp, en vegna heilsunnar og peningavandræða til fæðis sem jeg annaðist sjálfur varð jeg að gefast upp og alt varð að engu. Jeg óttaðist einnig að jeg yrði að ofdrykkjumanni, með þessu snapsaríi, þótt jeg væri aldrei hendur, þá gat jeg ekki hætt við það, nema að falla alveg saman af kvölum.

Jeg fór því til eins kunningja míns sem jeg veit að á mjer þakkar gott að launa frá gömlum tíma og oft hefir hlaupið undir bagga með mjer með smávegis og ætlaðist til þess að hann lánaði mjer fyrir 1-2 m. dvöl á Kleppi, hann tók þessu með ró og bað mig koma seinna, jeg kom, en þá hafði hann snúið sjer til fátækrafulltrúanna, og jeg segi það satt að jeg held jeg hafi aldrei orðið jafn vitlaus af reiði. Hann neitaði mjer sjálfur um hjálp. Jeg fór svo til eins læknis og bað hann gefa mjer vottorð um ofdrykkjuskap

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fór svo strax til Bæjarlæknisins og bað hann um ráð. Hann ~~bað~~ brást fljótt við og sagði að jeg mundi fá pláss á Landakoti næstu daga. Jeg fór á Hotel Heklu og beið þar ~~tt~~ 10 daga, þá sneri jeg mjer til Doctor Helga Tómassonar og bað hann taka mig, hann sagðist gjöra hvað hann gæti og bað mig hringja til sín á vissum degi, en 2 dögum seinna fjekk jeg boð frá Landakoti að koma strax og gjörði jeg það. Jeg hefi frá 13 ára aldri legið ca 24 sinnum í brjósthimnubólgu og fyrir ca 5 árum, þá er jeg var á Kleppspí viðvíkjandi ~~a~~ skrafsklanganum fjekk jeg slæma brjósthimnubólgu og þar greri hún við og þar eð jeg hjelt að þetta stafaði af árans brjósthimnubólgunum, vildi jeg frekar fara á Landakot.

Þjer hafið ef til vill heyrt talað um að jeg var eitt sinn riðinn við stórt heildsölufirma og dvaldi þá um 11 ára skeið í Danmörku og hafði að nafninu til mann í fjelaginu við mig sem dvaldi hjer heima og að vísu skaut 50 þúsundum í það fjelag, en dró þá upphæð út úr fjelaginu eftir fyrstu 4 mánuðina (Blekkingar víxillán)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jeg átti því einn þetta firma og hafði aflað mjer þeirra peninga erlendis, alt það lánstraust sem jeg hafði var þar og nærsagt allar gróða „Forretningerne" gjörði jeg þar og vegna lýga, svika og þjófnaðar ~~[illegible]~~ minna landsmanna (Fjelagsins var inclusive) tapaði jeg á Íslandi um 1 milljón. Bankinn erlendis er jeg hafði mín viðskifti við lauðst til að styrkja mig áfram ef fjelagsins færi frá firmainu, en hann neitaði, þótt hann fengi beiðni um það með hvern símskeytum, frá mjer, frá Bankanum og mínum málafærslumanni, og þá varð jeg að gefast upp og gjöra acc gjaldþrota. Eftir því sem jeg veit best, leyfði hið háttvirta Íslenska stjórnarráð, honum að hafa opið en mánuð eftir að hið danska Utanríkisstjórnarráð sendi skeyti um lokun. Mig grunar einnig að Landsbankinn d.t.k. hafi hjenað ekki svo fáa tugi þúsunda á þeirri innieign sem jeg átti fyrir innheimta er á öllum skjölum stóð d.krónur og stoppaðist við hinar fyrstu yfirfærsluvandræði, að minsta kosti ~~fjekk~~ fjekk jeg ekki nema 65 aura fyrir hverja krónuna ~~[illegible]~~ til Danmörku og vissir jeg

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# V

jeg ekki betur enn að nokkur dönsk firmu slæu sjer saman og færu í mál útaf sama ranglætinu og unnu málið fyrir Hæstarjetti, en þá var jeg fallinn í valinn.

Jeg fjekk tvö önnur stuð enn, betri þótt þau væru annars eðlis og þetta allt hafði þau áhrif á mig að skrokktaugarnar biluðu alveg og hefi jeg því nú í 12 ár legið á hverju ári, bæði þungar langar legur og styttri og hefi jeg samt getað bjargað mjer frá opinberri hjálp, þótt oft hafi mjer liðið illa. Meðan jeg dvaldi á Hótel Heklu, gat jeg ekki soltið og seldi því divan og rúmfatnað til að jeta fyrir. Viðvíkjandi þeim spíra er jeg hefi drukkið sem meðul í vetur, þá get jeg með góðri samvisku sagt að hann hefir nærsagt ekki kostað mig eyrir, því jeg átti 2 góða menn að í þeim sökum.

Doctor Matthías er að jeg held orðinn uppgefinn í bráð á þessari veiki, sem að jeg held að sje krampakippir í hjartataugunum.

Jeg hefi fyrir nokkru snúið mjer til herra fátækrafulltrúa Ólafs Sigurðssonar og tjáð

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hanum að mig vanhagaði um 12 kr til að
greiða þvott sem er búinn að liggja á fimta
mánuð í Þvottahúsi og kr 8. til að greiða
sólningu, nú er jeg orðinn berfættur, Þjekk nei.

Jeg fór einnig framm á það við fullrúann
að hann hlutaðist til um að jeg fengi vinnu
ef jeg gæti, við hina fyrirhuguðu Flóavatn,
en hann kvaðst alls ekkert geta greitt götu með
það. Herra Doctor Matthías Einarsson, sagði mjer
að fara hingað og sjá til hvernig ~~[illegible]~~ mjer litist á
að dvelja hjer nokkurn tíma og því gjet jeg tilleiðast
því jeg hjelt að hjer væri nokkurskonar hressingar-
hæli og nú leyfi jeg mjer að koma að aðal
efninu. Jeg hefi hugsað og einsett mjer að
hafa einhver ráð að greiða Bænum þessa
skuld er jeg nú hefi dottið í, en jeg get ekki
ekki hugsað mjer að það lánist ef jeg dvel
hjer og segi jeg það sama og jeg skrifaði
til herra Matthíasar. Jeg get á engann annan
hátt skilið ráðstöfun fátækrafulltrúans
á mjer hingað ~~á annan hátt~~, en að
það sje þeirra ætlun að gjöra mig

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að bæjarómaga svo lengi sem jeg lifi.

Hjer fæ jeg enga heilsubót. ~~hjer~~ og ef þjer herra professor kynnuð lífinu, andrúms loftinu, aðhlynningunni og fæðinu hjer, gjöri jeg ráð fyrir að þjer mynduð fremur óska mjer skjótann dauða, en að ~~láta~~ ~~láta~~ mig dvelja hjer til langframa.

Það eina sem jeg nú óska og vona að þjer herra professor gjörið fyrir mig er að þjer veitið mjer tvöhundruð króna lán frá Bænum svo að jeg gjeti fengið mjer herbergi í bænum og með dóti mínu, og svo mun jeg auglýsa og verða mjer á annan hátt út um vinnu við skrifter og kenslu etc. etc. svo jeg geti lifað framvegis án Bæjarhjálpar og fengið Chance til að greiða Bænum skuld mína að fullu og megið þjer vera vissir um

að það verður einn af þeim sælrík-ustu dögum sem jeg hefi lifað, ef sá dagur kemur upp að jeg verði laus við þá skuld.

Jeg vil benda á það, að það má vel afhenda Jóni Ólafssyni cand jur ~~þessa~~ Lækjarborg; þessar krónur 12, hann mun gjöra það fyrir mig að verða fjárhalds-maður minn með þessa upphæð svo ekki þarfi að óttast að jeg noti þá í vín eða annan óþarfa.

Jeg treysti mjer varla til að vera hjer lengur en þessa viku, og veit að jeg hefi heilsusamlega stóra bilun af þeim tíma. Sje ekki hægt að taka þessa ósk mína til greina, þá eru þó öllaf einar dyr opnar sem aldrei lokast.

Jeg sje ekki eftir mjer að vinna veikur, því það hefi jeg gjört í mörg ár, en jeg læt engan kvelja úr mjer lífskraftinn.

Jeg bið fyrirgefningar á öllu þessu málæði, en hvað get jeg annað gjört undir þessum kringumstæðum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ef mjer verður hjálpað sem fyr greinir er ekki ómögulegt að jeg eigi eftir að verða nýtur maður í þjóðfjelaginu.

Bið með þrá eftir heiðrandi svari yðar sem jeg vona að gefi örlitum sálargeisla.

Virðingarfyllst
[illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. Skúlason

Landakotsspítala 15.5.39.
Gamla Stofa 3.

Herra professor Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.

Hjermeð leyfi jeg mjer að gjöra fyrirspurn, um hvort þjer sjeuð vera mjer hjálplegir við að fá vinnu við hina fyrirhuguðu hitaveitu.

Hefi því miður legið rúmfastur nú nestum 1/2 mánuð, en vona að jeg fái að fara á fætur bráðlega.

Var við síldarbeitu í vetur, en vegna fjárskorts og vanheilsu varð árangurinn sá að jeg tapaði þessu litla sem jeg hafði handbært ca. 500 kr. og meira þurfti ekki hið veika taugakerfi og ca 30 ára gömul brjósthimnubólga, sem aftur er búin að leggja mig í rúmið 25 sinnum, stuttar og langar legur.

Jeg varð að lána hjá honum, en vil geta losað mig við þá skuld í haust.

Hefi verið við almenna síldar-söltunarvinnu 2 undanfarin sumur á

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Siglufirði og skrifstofu.

Jeg er því ekki alveg óvanur við vertíðarvinnu og hygg að vera sem kallað er meðal afkasta verkamaður, þá heilsan leyfir.

Get fengið síldarvinnu nú í sumar en það kaup vill oft verða ódrjúgt.

Mjer er þetta mikið áhugamál.

Mun leyfa mjer að hringja til yðar, þá er jeg kemst á lappir.

Bið yður fyrirgefa ágengnina er jeg veld yður og sömuleiðis blýants krotið vegna þess að jeg á erfitt með að sitja og ligg á bakinu.

Virðingarfyllst
Á. Skúlason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur